

19. janúar.

81

Nr. 29.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 160 frá 21. ágúst 1959, um barnavernd í Siglufirði.

### 1. gr.

Fyrri mgr. 5. gr. hljóði svo:

Börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að knattborðstofum, kvöldsölum (sjoppum), veitingahúsum og hliðstæðum stofnunum eftir kl. 20 á tímabilinu 1. október til 1. maí og eftir kl. 23 á tímabilinu 1. maí til 1. október ár hvert. Unglíngum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að bingóspili, nema í fylgd með foreldrum. Þeir, sem reka slík fyrirtæki, er í fyrstu málsgrein getur, svo og þeir, er standa fyrir dansleikjum, skulu sjá svo um, að börn og unglíngar fái þar eigi aðgang. Brot á ákvæðum þessum varði refsingu. Eftirlit með ákvæðum þessum skal vera í höndum lögreglunnar og eftirlitsmanns barnaverndarnefndar, ef hún hefur slíkan starfsmann í þjónustu sinni.

### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 19. janúar 1963.*

Gylfi P. Gíslason.

*Birgir Thorlacius.*

4. febrúar.

Nr. 30.

## BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Bessastaðahrepp í Gullbringusýslu.

### I. KAFLI

Stjórn byggingarmála.

#### 1. gr.

1. Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni hreppsins undir yfirstjórn sveitarstjórnar og stjórnarráðs.

2. Ályktanir byggingarnefndar skal bera undir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar. Ef sveitarstjórn samþykkir ályktun byggingarnefndar, öðlast hún gildi. Þó er lóðareiganda eða lóðarleigjanda heimilt, ef honum þykir rétti sínum hallað með ályktuninni, að skjóta henni til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðs. Nú greinir byggingarnefnd og sveitarstjórn á um afgreiðslu máls, og sker þá stjórnarráðið úr.

3. Byggingarnefnd sér um, að byggingarsamþykktinni sé fylgt.

B 11